



SKOGRÆKT
RIKISINS

SKOGARVÖRDURINN A HALLORMSSTAÐ.

STARFSSKYRSLA 1989.

Jón Loftsson.

STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTAR RIKISINS HALLORMSSTAÐ.

1. VEDURFAR ARSINS.

1.1. TÍÐARFARSYFIRLIT.

Páll Guttormsson hefur skráð eftirfarandi tíðarfarsyfirlit fyrir árið 1989 á Hallormsstað.

Fyrstu þrjú mánuði ársins var meðalhiti - 1.4 C. En vetrarmánuðina fjóra var meðalhitinn - 1.0 C, sem er rétt um meðallag. Þótt meðalhitinn í janúar væri um það bil 0.5 C yfir meðallagi var þykkt frosts í jörðu er leið á mánuðinn yfir meðallagi. Eða fast að rekustungu þykkt, vegna þess að snjólaust var á meðan á frostinu stóð. Vegna snjóleysis í desember jókst frostið í jörðu mjög hratt í frostakaflanum um jólin og var orðið 20 cm þykkt í árslok.

Í janúar og febrúar voru all hvassir eða hvassir vindar af vestri og suð-vestri tíðari en undanfarna vetur. Mesti vindstyrkur sem mældist var einu sinni 9 vindstig í janúar og tvisvar 9 vindstig í febrúar. Dýpstur snjór í febrúar var 23 cm, en í mars var snjódýptin frá 20-35 cm.

Fyrstu dagana í febrúar lagði Lagarfljót, en það varð ekki mannhelt á vetrinum. Mesta frost í jörðu var í lok mars, varð þykkast 31 cm. Aðfaranótt 20 mars, var eini byldagurinn á vetrinum. Voru þá um nóttina 8 vindstig av norð-austri.

Í apríl og maí var úrkoma líðlega helmingi meiri en meðalúrkoma. Það seinkaði all víða að setja niður kartöflur vegna frosts í jörðu og of mikils raka, þangað til fór að þorna til um mánaðarmótin maí júní. Það byrjaði að koma vorgróður um 20 maí og næstu daga á eftir byrjuðu tré að springa út.

Í júní var sólskin 30 stundir yfir meðallag og úrkoma í góðu meðallagi. Birkiskógurinn var útsprunginn 10 júní og lerki 6 júní. Kartöflugrös létu mjög mikið á sjá frostnóttina 27 júní og er frost var við jörðu 29 júní. Einnig bar á því á stöku stað í skálum og lögðum, að ungar lerki plöntur yrðu brúnar. Einnig létu bláberjavisirar á sjá þessar nætur.

Í júlí var meðalhitinn með því hærra síðan mælingar byrjuðu. Í hlynda kaflanum frá 13 til 24 júlí var vöxtur trjágróðurs mjög jafn og góður. Fram að 20 júlí var vatn með meira móti í þverám, er stórir skaflar voru að bráðna í Fljótsdalsheiðinni og í hraungarðinum inn af Hallormsstaðahálsi.

Í ágúst var hitinn nærri 0.5 gráðu lægri en í meðallagi (meðaltal síðustu 50 ára). Í ágúst var austlæg átt algengust.

Í september var hitinn um meðallag, en sólskin nokkru minna en í meðallagi, eins og í ágúst. Í hinum miklu hlyndum síðustu 2 dagana í september er meðalhitinn var 12.5 C, og fyrstu 3 dagana í október er meðalhitinn var 9.2 C, þroskuðust brum og sprotar trjáa mjög vel fyrir veturinn. Sandfok leiddi yfir héraðið síðari hluta dags (kl.15:30) 30 september og hélst álika dimmur sandbylur til kl.7 morgunin 1 október. Var þetta með meira sand og moldroki hér á jafn skömmum tíma.

Frá 26 til 29 október var frost - 2.1 C að meðaltali. Kom þá dálítið frost í jörð.

Til og með 23 nóvember var áttin breytileg í mánuðinum. En frá 23 nóvember var að staðaldri suð-vestan átt. Aðfaranótt 15 nóvember gekk á með rofum í gróðrarstöðinni. Tók tvær plötur af gróðurhúsi í sviftivindum. Einnig urðu þá smá skemmdir á trjám, aðallega einu tré, sem er fjallapínur í neðsta reit sem gróðursettur var fyrir 1910. Krónan þverkubbaðist þar sem brotnað hafði tvítoppur áður.

Í desember var algengust suð-vestan átt. Í 6 daga var hitinn 10.0 C eða meira. 18 cm þykkt frost var komið í jörð í skóginum í árslok.

1.2. TÖFLUR YFIR HITA, ÚRKOMU OG SOLSKIN.

1.2.1. Meðalhiti og úrkoma frá 1941 til 1988 og sólskinsstundir frá 1953 til 1988.

<u>Mánuðir.</u>	<u>Hiti.</u>	<u>Úrkoma.</u>	<u>Sólskinsstundir.</u>
Janúar.	-1.7 C.	104.8 mm.	0.5 st.
Febrúar.	-1.2 C.	73.8 mm.	32.9 st.
Mars.	-0.4 C.	61.9 mm.	84.2 st.
Apríl.	1.5 C.	41.2 mm.	140.3 st.
Mái.	5.1 C.	26.7 mm.	181.3 st.
Júní.	9.0 C.	29.5 mm.	190.3 st.
Júlí.	10.8 C.	41.0 mm.	173.6 st.
Agúst.	9.9 C.	41.3 mm.	139.3 st.
September.	6.9 C.	52.9 mm.	87.6 st.
Október.	3.9 C.	67.6 mm.	48.5 st.
Nóvember.	0.8 C.	73.1 mm.	9.2 st.
Desember.	-0.9 C.	95.7 mm.	0.0 st.

1.2.2. Meðalhiti, úrkoma og sólskinsstundir 1989.

<u>Mánuður.</u>	<u>Meðalhitastig.</u>	<u>Úrkoma samtals.</u>	<u>Sólskinsstundir.</u>
Janúar.	0.0 C.	128.6 mm.	0.0 st.
Febrúar.	-3.1 C.	143.0 mm.	29.3 st.
Mars.	-1.2 C.	119.3 mm.	89.0 st.
Apríl.	1.5 C.	75.1 mm.	133.1 st.
Mái.	5.2 C.	40.3 mm.	199.6 st.
Júní.	8.7 C.	38.5 mm.	208.3 st.
Júlí.	12.5 C.	20.5 mm.	223.9 st.
Agúst.			
September.			
Október.			
Nóvember.			
Desember.			

1.3. FROSTNÆTUR VIÐ JÖRÐ OG Í MÆLISKÝLI FRA 10 MAÍ TIL 20
SEPTEMBER 1989.

Mánaðardagur.	Við jörð.	Í mæliskýli.
Mai 10.	-0.9 C.	0.8 C.
" 11.	-0.6 C.	0.4 C.
" 12.	-0.2 C.	0.4 C.
" 14.	-1.2 C.	0.6 C.
" 17.	-0.2 C.	0.6 C.
" 19.	-4.5 C.	-0.5 C.
" 24.	-0.6 C.	3.6 C.
" 25.	-0.5 C.	2.1 C.
" 26.	-2.0 C.	2.2 C.
" 29.	-0.3 C.	0.8 C.
" 30.	-4.8 C.	-1.5 C.
" 31.	-1.5 C.	0.4 C.
Júni 7.	-1.6 C.	3.9 C.
" 23.	-0.3 C.	4.0 C.
" 27.	-4.8 C.	-1.5 C.
" 29.	-3.7 C.	0.4 C.
" 30.	-1.2 C.	3.4 C.
Júli 1.	-3.0 C.	1.2 C.
Agúst 4.	-1.2 C.	5.3 C.
" 5.	-1.8 C.	3.8 C.
September 2.	-4.3 C.	-0.3 C.
" 7.	-2.0 C.	1.3 C.
" 8.	-4.5 C.	-0.5 C.
" 9.	-3.0 C.	1.5 C.
" 15.	-5.5 C.	-1.4 C.
" 18.	-3.1 C.	-0.2 C.
" 22.	-1.5 C.	1.4 C.
" 23.	-0.8 C.	2.8 C.
" 24.	-1.0 C.	3.5 C.
" 25.	-0.8 C.	0.8 C.
" 27.	-4.0 C.	-1.0 C.

1.4. HÁMARKSHITI SUMARMANUDINA (18.0 C OG MEIRA) OG LAGMARKSHITI VETRARMANUDINA 1989.

Mánuðir.	Hámarkshiti.	Mánuðir.	Mest frost.
20 Júní.	20.8 C.	1 janúar (22).	- 9.8 C.
21 "	18.0 C.	1 febrúar (16).	-11.9 C.
9 Júlí.	18.3 C.	1 mars (2).	-11.2 C.
13 "	21.8 C.	1 desember (20).	-16.0 C.
14 "	20.4 C.		
16 "	19.4 C.		
17 "	22.4 C.		
18 "	21.3 C.		
19 "	23.3 C.		
20 "	19.6 C.		
22 "	20.6 C.		
23 "	20.4 C.		
24 "	21.5 C.		
1 Agúst.	19.0 C.		
29 "	18.3 C.		
29 September.	18.6 C.		

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJAGROÐURS.

2.1. LAUFGUN OG LAUFFALL 1989.

Trjátegund.	Laufgun.	Lauffall.
Birkiskógurinn.	10. júní.	3. október.
Hengibjörk.	7. "	
Alaskaösp.	7. "	14. október.
Íslensk ösp.	10. "	29. september.
Lerkiskógurinn.		
Flést kvæmi.	6. júní.	15. október.
Irkutsk lerki.	5. "	
Altai lerki.	7. "	19. október.
Miðevrópulerki.	10. "	28. október.

2.2. VÖXTUR.

Vöxtur var vel í meðallagi á flestum trjátegundum.

2.3. FRÆFALL.

Fræfall var frekar lítið á birki. Tínt var af hengibirki í Akurgerði og lindifuru, broddfuru, og elri í Mörkinni. Einnig var tínt af sveigfurunni innan við Kerlingará. Fræið var sent á Mógilsá.

2.4. SKADAR.

2.4.1. Frost.

Eftir frostnóttina 27 júní mátti finna frostskemdir á barrtrjám hér og þar í skóginum, þó ekki í miklum mæli.

2.4.2. Skordýr.

Ekkert bar á sitkalús í skóginum þetta árið. Farin var skoðunarferð á suðurfirði í byrjun nóvember. Sitkalús fannst í litlum mæli á Breiðdalsvík, mest fannst á Stöðvarfirði í reit skógræktarfélagssins. Á Fáskrúðsfirði fannst eingöngu dauð lús.

Köngulingurinn dreifir sér um skóginn. Er nú farinn að setja mark sitt á val á jólatrjám, bæði stórum og smáum.

3. STARFSFOLK.

Alls komust 76 á launaskrá hjá skógrækt ríkisins á Hallormsstað 1989. Þar af má telja 35 sem voru við sumarvinnu námsmanna sem greitt var af Félagsmálaráðuneytinu. Katrín Asgrímsdóttir hóf störf í gróðrarstöðinni á vordögum. Kemur hún í stað Erlu Vilhjálmisdóttur. Katrín hefur nýlokið 4 ára garðyrkjuháskólanámi, og er mikill fengur í að fá hana til starfa hér á Hallormsstað.

4. GIRÐINGAR.

4.1. VIDHALD.

Mikið átak var gert í viðhaldi girðinga í Jórvík og á Eiðum vegna félagsmálapakkans sem síðar verður greint frá. Girðingar komu nokkuð vel undan snjó.

a) Skógargirðing Hallormsstað.

Einungis var um venjulegt viðhald að ræða að þessu sinni. Ekki er búið að endurgirða þar sem frá var horfið 1986.

b) Jórvík.

Mikið átak var gert í viðhaldi á girðingunni í ár. Farið var með girðingunni og skipt um mest allar stytur og alla lélega staura. Má segja að girðingin sé nú í all góðu ástandi. Snjólfur Gíslason frá Breiðdalsvík stjórnaði verkinu ásamt mannskap úr sveitinni. Líklega er það farsælast að fá heimamenn til að sjá um viðhald á girðingunni fyrir skógrækt ríkisins.

c) Eiðagirðing.

Eiðagirðingin var tekinn í gegn á árinu. Skipt var út staurum og styttnum meira en venjulega hefur verið gert. Einnig var farið yfir Grafargirðinguna. Gamlar girðingar-dræsur voru teknar upp á svæðinu.

d) Múlasterkksgirðing.

Farið var með girðingunni í vor. Eftir endurgirðinguna þarfnast girðingin lítils viðhalds.

e) Hálsgirðing.

Rafmagnsgirðingin yfir hálsin kom mjög vel undan vetri. Betur en nokkur þorði að vona. Einungis var um tveggja daga viðhald að ræða fyrir tvo menn og þykir það vel sloppið á þessum annars veðrasama stað. Ekki er búið að finna lausn á rafmagni í girðinguna. Vænlegast þykir að kaupa vindrafstöð. Notaðir voru geymar þetta árið.

4.2. NÝJAR GIRÐINGAR.

Engar nýjar girðingar voru settar upp í löndum skógræktar ríkisins á árinu.

5. SKÓGARHÖGG.

5.1. VIDUR.

Skógarhögg.

- a. Birki grisjað í reit 402-7,8,13,14.
- b. Birki grisjað í reit 306-14.
- c. Birki grisjað í reit 404-4.
- d. Birki grisjað í reit 408-11,12,13.
- e. Farið yfir alla Ljósáarkinnina og birkiskermur grisjaður.
- f. Lerki í Ljósáarkinn grisjað.
- g. Lerki grisjað í reitnum neðan við Akurgerði.

Skógarhögg í ágúst.

- a. Lauffelling á birki í reit 708, skermur yfir rauðgreni.
- b. Lauffelling á birki í reit 509-12,6,9,18, skermu yfir rauðgreni.
- c. Lauffelling á birki í reit 506-1,2, skermur yfir rauðgreni.

5.1.1. Sala girðingarstaura árið 1989.

<u>Gerð staura.</u>	<u>Fjöldi seldra staura.</u>
B II fúavarðir.	680 stk.
B III fúavarðir.	356 stk.
Skurðbakkastaurar.	65 stk.
Aflstaurar.	15 stk.
Styttur.	1 200 stk.
Trjástoðir fúavarðar.	396 stk.
Trjástoðir ófúavarðar.	260 stk.

5.1.2. Sala á viði 1989.

Arinviður.....	6 665	pokar.
Spæfir.....	32	pokar.
Efniviður birki birkt.....	2 765	dm ³ .
Efniviður birki óbirt.....	2 723	dm ³ .
Efniviður lerki óbirt.....	220	dm ³ .
Lúpínufræ.....	67	kg.

5.2. JOLATRE.

Jólatrén voru merkt í október. Byrjað var að fella stóru trén í byrjun desember, og minni trén 11 desember.

Svo til ekkert var fellt af fjallapín. Hann er orðin of stór til að setja í sölu. Til að útvega austfirðingum þín var keyptur norðmanspínur af Landgræðslusjóð. Ekki reyndust austfirðingar ánægðir með innflutta þinin, og fengum við þó nokkuð af honum til baka. Eins og sjá má í töflu hefur magn rauðgrenis minkað mikið í sölu. Af þessum 619 trjám fóru rúmlega 200 tré norður á Akureyri, þannig að sjá má að algert hrun er í sölu rauðgrenis. Sala á blágreni hefur rúmlega fimmfaldast og stafafura aukist örlítið.

Mjög erfitt var að finna góð tré af öllum tegundum. Bæði eru allflestir jólatrésreitir orðnir of hávaxnir, og köngulingur kominn í flesta reiti, þó sérstaklega í rauðgrenið. Búast má við að erfitt verði að anna eftirspurn á þessum tegundum á markaðnum. Of lítið er af reitum með þessum þrem tegundum í uppeldi.

Þeir reitir sem mest var tekið úr að þessu sinni voru:
 Rauðgreni, reitir: 604, 302, 410, 409, 402.
 Blágreni, reitir: 604, 710, 717, 719, 721.
 Stafafura, reitir: 704, 604.
 Fjallapínur, reitur: 305.

Sala jólatrjáa á Hallormsstað 1989.

Stærðarflokkar.

Trjátegundir.

	Rauðgreni	Blágreni	Stafafura	Fjallapínur	Alls
1.	48		3	1	52
2.	252	87	3		342
3.	170	70	19	1	260
4.	64	53	32	3	152
5.	21	13	3	3	40
6.	9	4	2	2	17
7.	10			4	14
8.	19	1			20
9.	12				12
10.	8				8
11.	1				1
12.					
13.	3				3
14.	1				1
15.	1				1
Alls.	619	228	62	14	923

6. GRODRARSTÖÐ.

6.1. FRÆPLÖNTUR.

Verkfall BHMR. olli seinkun á sáningu. Ætlunin var að sá í byrjun maí, en svo fór að ekki var hægt að sá fyrr en í lok maí. Þá var sáð furu, greni, birki, og hluta lerkis. Ekki barst fræ fyrr en 10 júní til að ljúka lerkis sáningu. Þín var sáð 23 júní í báruplasthúsinu. Einnig var sáð þar ýmsum alaskakvæmum af þín og þöll aðallega.

Ýmis vandamál voru við vökvun og áburðargjöf um vorið. Miklar leysingar voru og olli það því að vatnsleyðslur fylltust af leðju og aur. Þetta varð til þess að misvökvun kom fram í sáningunni því ekki hafðist undan að hreinsa síur. Einnig komu fram vökvunarrendur í stóra húsinu. Bóman var lækkuð en það virtist ekki duga til að losna fullkomlega við þetta vandamál.

Vöxtur var almennt góður. Lerkið sem sáð var í maí var orðið 15-20 cm hátt í lok ágúst. Lerkið úr seinni sáningunni náði ekki eins góðum þroska. Róturvöxtur var ekki nógu góður. Birkið var flutt út 9 ágúst til herðingar, enda var góðum vexti þegar náð. Fura og greni uxu vel, og þá ekki síst plönturnar frá 1988 enda komu þær einstaklega vel undan vetri þar sem þeim var skýlt undir hvítu plasti.

Um haustið var ætlunin að pakka öllu lerki frá því um veturinn inn í kæli. Svo fór þó að rôtarklumpurinn reyndist ekki nógu fastur til þess að hægt væri að pakka þeim. Þó var nokkrum þúsundum pakkað til prufu. Öllu greni, furu, og birki til afhendingar 1990 var pakkað og gekk það vel. Allt sem var sáð um vorið í fjölpotta var flutt út í nóvember og var greni, fura og hluti af lerki sett undir plastboga. Þinur og lindifura voru tekin upp af beði og sett inn í kæli.

6.2. DREIFSETNING.

Dreifsetning skógarplantna var enginn.

6.3. GARDPLÖNTUR.

Garðplöntusalan gekk dræmt framan af en úr því rættist. Talsverður afgangur varð þó af víði og er ástæða þess sú að minna hefur orðið úr skjólbeltaræktun hjá bændum en áætlað var vegna vanefnda ríkisins á styrktarframlögum.

Stungið var rúmlega 30 þúsund víði og aspargræðlingum. Dreifsetning var lítil, aðeins var dreifsett smávegis af ilmreyni og broddfuru. Það setti nokkuð mark sitt á starfið sú ákvörðun að leggja niður garðplöntuframleiðslu á Hallorsstað. Það var t.d. ekki stungið sumargræðlingum, ekki dreifsett greni, fura eða birki og ekki sáð fyrir neinum garðplöntum.

Haustverk voru nokkuð frábrugðin því sem tíðkast hefur. Aður hefur verið nefnd þökkun og annar frágangur á skógarplöntum. Auk þess var vetrarundirbúningur garðplantna meiri en verið hefur. Allar pottaplöntur till afhendingar 1990 voru settar undir hvítt plast. Aðrar pottaplöntur voru lagðar niður og settir gluggar eða hrís yfir. Öll lauftré til afhendingar vorið 1990 voru tekin upp, flokkuð og slegið niður. Barrtré til afhendingar 1990 voru merkt í flokka.

6.4. AFHENDING SKÓGARPLANTNA.

Einungis fjölpottaplöntur voru til afhendingar. Ekkert lerki var afhent fyrr en um haustið þar sem það var smátt og lítt þroskað um vorið. Það var síðan skyggt frá 21 júlí og næstu tvær vikur.

6.5. NÝFRAMKVÆMDIR.

Mikið var um nýframkvæmdir á árinu. Smíðuð var bóma á planið um vorið af Sigurði Eiríkssyni. Í febrúar/mars var einnig komið upp körmum á planinu og voru settir á þá bogar og klætt hvítu plasti yfir. Þetta gafst vel nema bogarnir voru ekki næganlega sterkir. Um haustið voru þeir styrktir og einnig var bætt við körmum. Veturinn 1989-1990 eru því u.p.b. 450 m² undir hvítu plasti.

Þær breytingar voru gerðar í båruplasthúsinu að settar voru upp karmar fyrir beðsáningu. Einnig var skipt um spissa í vökvunarkerfinu.

Aðstaða við áburðarblöndun var bætt til muna. Komið var upp 1000 lítra kari við hlið blandarans þannig að nú er hægt að blanda 10 sinnum meiri stofnlausn í einu og síðan tappa henni yfir á blandarann.

Smíðuð var aðstaða til að pakka fjölpottaplöntum inn í kæli eftir norskri fyrirmynd og geta 5-6 manns auðveldlega unnið við þetta í einu.

Í Kerlingará, þar sem vatnið er tekið fyrir stöðina, var reist stífla. Haraldur Arnason ráðunautur Búnaðarsambands Íslands kom í sumar og framkvæmdi mælingar og gerði síðan tillögu að stíflu. Vinnuteikningar voru síðan fullunnar á Byggingarstofnun Landbúnaðarins. Framkvæmdir hófust síðan 15 október og sáu Kjartan Reynirsson og Sigfús Þór Ingólfsson um smíðina. Lauk henni 1 nóvember. Tilgangurinn með stíflugerðinni er að losna við sem mest af leðju úr vökvunarvatninum.

Hafist var handa við að stækka bæði stóra gróðurhúsið og Deje húsið. Ætlunin er að lengja þau bæði um 60 metra. Þannig að hvort um sig verði 1000 m². Kostnaðaráætlun var gerð um sumarið en úr hófi dróst að hefja framkvæmdir þar sem ákvörðun stjórnar Héraðsskóga um fjárframlag lá seint fyrir. Byrjað var að ýta efni í grunn 15 október og var klárað að steypa í tunnur í lok nóvember. Var þar látið staðar numið á því herrans ári 1989.

7. GRÓÐURSETNING.

Engin gróðursetning var í löndum skógræktar ríkisins á Hallormsstað. Allar lerkiplöntur fóru í Fljótsdalsáætlun. Aðrar tegundir fóru í sölu viðsvegar um landið.

8. HIRÐING PLANTNA.

Kjarrhreinsun:

Þetta árið var unnið við kjarrhreinsun í nóvember. Vinnuflokkur frá frá Héraðsskógum hreinsaði frá í eftirtöldum reitum:

Sagaður var teinungur í eftirtöldum reitum:

Reitur, 408-4,6,11,12,13. Rauðgreni, hvítgreni.

Reitur, 411-3. Dauglasgreni.

Ljósárkinn, hreinsað var frá í öllum þeim reitum þar sem þörf var á kjarrhreinsun. Bæði svæðin voru tekin í nóvember.

9. BYGGINGAR.

9.1. VIÐHALD.

a) Hallormsstaðabærinn.

Haldið var áfram að mála húsið og er því nú að mestu lokið. Litli skálinn og hesthúsið var málað í sömu umferð.

b) Skemma.

Skemman var máluð að utan. Rör frá rennum voru sett upp.

c) Markarhús.

Mörkin, skjólið og matarbúr voru máluð að utan. Einnig var sett drenlöggn á suður og vesturhlið á húsinu. Sökull var einangraður á þeim hliðum þar sem drenlöggn var komið fyrir.

d) Akurgerði.

Ekkert viðhald var á Akurgerði að þessu sinni. Brýn þörf er á að huga eitthvað að gluggunum í húsinu.

e) Skrifstofubýgging.

Skrifstofubýgging var máluð að utan. Hellulagt var fyrir framan andyri.

9.2. NYVIRKI.

Engar framkvæmdir við nýbyggingar voru á þessu ári.

10. VELAR OG VERKFÆRI.

U-3357: Millikassin gaf sig og var hann gerður upp. Skipt var um túrbínu sem tekin var úrrúttunni (Olavíu Olafsdóttur Ketilssonar). Mótorbremsan var lagfærð. Kranin var einnig tekinn í gegn. Annars venjulegt viðhald að vanda á svo gömlum bíl.

U-1905: Mikil vandræði eru með framöxulinn sem ekki virðist þola þá breytingu er díselvél var sett í. Öxullinn var marg snúinn í sundur og soðinn saman. Er líklegasta leiðin til að bæta úr þessu að fá stærri hásing, eða að skipta um bíl. Venjulegt viðhald var annars á bílnum.

U-3829: Volvo Slapplander eins og hann oftast er kallaður þarfnast tölverðs viðhalds. Skipt var um ventla og þakningu, hjöruliðskrossa, dempara og þakkdósir í drifi. Aftursæti voru klædd. Bráðnauðsynlegt er að losna við bílinn svo fljótt sem mögulegt er.

Traktorar: Gamli góði Farmal Cub var tekinn í alsherjar klössun, sprautaður og er hann nú sem nýr.

Skipt var um vatnskassa í Ford 5000 og belta búnaður lagfærður.

Heddið var tekið upp í Ferguson. Nauðsynlega þarf að taka upp vélina á næsta ári.

Vinstri hurðinn brotnaði á Deutz og var skipt um hana. Framgálgi var styrktur eftir að hafa bognað.

Önnur tæki: Keyptur var nýr vír í viðarspilið. Snjóblásari var tekinn í gegn og styrktur, einnig voru ámoksturstækin á Ford styrkt. Mikil vinna var lögð í viðgerð á gömlu gröfunni á Ford. Snjósleðinn var tekinn í mikla klössun. Mótör var tekinn upp, ný framrúða og belti keypt, og nýtt áklæði sett á sætið.

11. FRAMKVÆMDIR Í FLJÓTSDALSAÆTLUN.

Gróðursetning fór öll fram í ágúst og september. Lerkið var allt skyggt fyrir gróðursetningu. Byrjað var að planta í Mjóanesi 15 ágúst hjá Reyni og Sigurlaugu. Á Strönd var plantað í ásinn innan og ofan við tjörnina og einnig neðan Þjóðvegur við skógargirðinguna. 22 ágúst hófst plöntun í Vallanesi neðan Uxalækjar beggja vegna vegar. Á Droplaugarstöðum var byrjað 25 ágúst með lerkið, plantað var efst í girðinguna. Helgi Hallgrímsson tók sjálfur og plantaði 1600 lerkipl. og 270 Bergfurum. Frá Droplaugastöðum var farið í Geitagerði, gróðursettar voru blágreniplöntur niður með læknum beggja vegna og í opin flekk norðan við melinn niður við fljótið. Á Melum var byrjað að gróðursetja 30 ágúst, byrjað var efst í girðingunni innan við gróðursetninguna frá 1988. 4 sept. var gróðursett í Víðivallagerði í svæði 2 og 26 á korti. Er nú búið að fylla í svæðið neðan við neðsta hamrabeltið. Gróðursetningu lauk 8 september, var þá búið að planta alls 127.315 plöntum í Fljótsdalsáætlun. Öll gróðursetning fór fram í tímavinnu.

Gróðursetning Fljótsdalsáætlun 1989.

Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fræ. nr.	Pl. gr.	Reit. nr.	Gettagr.	Meljar.	Mjðan.	Strönd.	Vallan.	Vallh.	Vötlvlg.	Droplg. st.	Alls.
R. Lerki.	Imatra.	2/0.	870002	fp.			26220	24985	21660	18240	1800	10260	21360	114265
R. Lerki.	Imatra.	2/0.	870002	fp.	2 og 26.									10260
Berftura.	Haut Con.	2/0.	87000	fp.									270	270
Blágrei.	Purden M.	2/0.	870009	fp.		2520								2520

Alls plantað world 1989: 127315

12. YMISLEGT.

12.1. FERÐALÖG, FUNDAHÖLD OG GESTIR SKÓGRÆKTARINNAR.

1. mars. Skógarvörðurinn á Suðurlandi Böðvar Guðmundsson kemur í heimsókn.
6. mars. Jón Loftsson fer á NSR-fund.
14. mars. Starfsmannafundur skógræktar ríkisins.
26. apríl. Þór Þorfinnsson fer á NSR-fund til Kaupmannahafnar.
9. júní. Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur kemur í heimsókn og dvelst hér yfir eina helgi.
20. júní. Sænskir líffræðingar skoða gróðrarstöðina.
2. júlí. Skógræktarfolk frá SCA AB skoða skóginn.
9. júlí. Jan-Erik Lundmark prófessor í skógarjarðvegsfræði við háskólann í Uppsala ásamt Sigurði Blöndal og Sigvalda Asgeirssyni dveljast hér í tvo daga.
10. júlí. Þrjú sænskir skógræðistúdentar komu í skóginn og dvöldust hér í tvær vikur. Þeir unnu hér að gagnasöfnun fyrir lokaverkefni við háskólann sem miðar að því að gera viðarvaxtartöflur fyrir lerki á Hallormsstað.
3. ágúst. Sænskir skógræktarnemar koma í heimsókn.
12. ágúst. SNS-fundur er haldinn á Hallormsstað.
23. ágúst. Jón Loftsson fer á aðalfund Skógræktar Félags Íslands.
13. sept. Landfræðinemar og kennarar úr jarð og landfræðiskor Háskóla Íslands koma í heimsókn.
3. okt. Kvikmyndatökulið frá Viðsjá og fólk frá Skógræktarátaki 1990 (Landgræðsluátaki) koma á Hallormsstað og vinna við tækur á fyrirhugaðri sjónvarpsþáttaröð fyrir Landgræðslu Atak 1990.

12.2. FERDAFOLK.

Aðsókn að tjaldstæðum í Atlavík var með mesta móti. Tvöföldun var á fjölda gistinóttu í júlí miðað við 1988. Mátti þá segja að Atlavíkin hafi sprungið. Bryn þörf er á að gera eitthvað í tjaldstæðamálum í skóginum. Atlavíkin er í raun og veru orðin of lítil.

Engin samkoma var um verzlunarmannahelgina. UÍA sá um gæsluna og var með veitingasölu. Einnig voru þeir með fjölskylduhátíð um Jónsmessuhelgina.

Fjöldi gistinóttu 1988 og 1989.

	1988.	1989.
Júní.	631	447
Júlí.	2420	5020
Agúst.	1413	1497

12.3. ANNAD.

Tilraunir með rötarskóga:

Mæld var áburðartilraun í Rauðholti sem lögð var út 1988. Einnig var mæld kvæmatilraun á Hafursá. Gögnin voru send á Mógilsá.

Tilraun var lögð út á Kóreksstöðum.

Markmið:

- * Að kanna hvernig viðir bregst við misstórum áburðarskömmtum.
- * Að athuga hvort viðbrögð mismunandi viðíklóna við áburðargjöf séu breytileg.
- * Að kanna hvaða áhrif stórir skammtar af fosfór hafa á vöxt viðisins.

Græðlingum var stungið niður á tímabilinu 10.07 til 19.07. Áburðargjöf fer fram að einu ári liðnu frá stungu. Katrín Asgrímsdóttir hafði umsjón með mælingum og tilraun fyrir hönd Mógilsár.

Elritilraun á Austurlandi:

Plönturnar hafa verið í uppeldi hér í stöðinni. Fræið er úr Alaskaförinni 1985.

Lagðar voru út elritilraunir á eftirtöldum stöðum: Buðlungavöllum, Gilsáreyri (Hall.), Lönguhlíð, Birkihlíð, Miðhúsum, Droplaugarstöðum, Skógargerði, og hjá skógræktarfélagi Stöðvarfjarðar.

Yfir tíu kvæmi voru prófuð. Aætlað er að leggja út tilraunir á fleiri stöðum.

Félagsmálapakki:

Félagsmálaráðuneytið auglýsti 2 júní eftir aðilum sem gætu veitt skólafólki atvinnu í sumar og skyldi sú vinna greiddast af ráðuneytinu. Skógræktin sótti til verkefnisins. Niðurstaðan varð sú að hægt var að veita þrjátíu ungmennum vinnu fram byrjun ágúst.

Sex unglingar frá Breiðdalsvík og nágrenni unnu í Jórvík við ýmis störf. Meðal annars trjágrísjun og hreinsun, áburðardreifingu, girðingarvinnu og ýmislegt annað sem var mjög aðkallandi að gera á svæðinu. Verkstjórinn var frá Breiðdalsvík.

Eins var hópur unglunga frá Egilsstöðum og svæðinu kringum Eiða við vinnu í Eiðaskógi. Lagðir voru göngustígar um svæðið, klippt frá plöntum og sáð lúpínu. Farið var vel með allri girðingunni og gert við og gamlar girðingardræsur fjarlægðar. Einnig var unnið við gróðursetningu á öspum umhverfis skólann. Þetta var rúmlega fimmtán manna hópur áamt verkstjóra.

A Hallormsstað voru tíu unglingar við hin ýmsu störf frá svæðinu í kringum Hallormsstað.

SKOGARPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR 1990.

<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Númer.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Fjöldi.</u>	<u>Athugas.</u>
Birki.	Mörk-Hall.	842149	1/0	7650 pl.	Pakkað.
Blágreini.	Purden Mtn.	870009	2/0	7740 pl.	"
Bergfura.	Haut Confl.	870013	2/0	14400 pl.	"
Bergfura.	Haut Confl.	870013	3/0	1080 pl.	"
Rússalerki.	Imatra.	890028	1/0	80000 pl.	I M-95.
Rússalerki.	C-lån.	890015	1/0	64000 pl.	"
Rússalerki.	Østeg.	890014	1/0	122660 pl.	"
Sitkagreini.	Seward.	870003	2/0	10980 pl.	Pakkað.
Sitkabast.	Kenai.	880004	2/0	8280 pl.	"
Stafafura.	Laberge.	862178	2/0	13680 pl.	"
Stafafura.	Tutshi L.	870005	3/0	100 pl.	"
Stafafura.	San Isabel.	842168	3/0	1080 pl.	"

SANING 1989.

<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Númer.</u>	<u>Grömm.</u>	<u>M2.</u>	<u>Athugs.</u>
Birki.	Mörk-Hall.	842149	100	30	35-gata, 294st.
Blágreini.	Rio Grande.	890002	50	27	35-gata, 261st.
Fjallapínur.	Skagway-Tutsk.	880002	1200		Beð.
Eðalpinur.		890010	100		Beð.
Silfurpinur.	Port Aagelese.	890017	400		Beð.
Sitkagreini.	Seward.	870003	100	28	35-gata, 270st.
Stafafura.	Taraldsey.	890001	70	53	35-gata, 525st.
Rússalerki.	Imatra.	890028	3640	38	M-95, 310 st.
				122	M-60, 1016 st.
Rússalerki.	C-lån.	890015	2060	52	M-95, 427 st.
Rússalerki.	Østeg.	890014	5700	194	M-95, 1614 st.

GARÐPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR VOR 1990.

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ						
Aætlun 17/11 1989						
Ísln. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	poti	samtals
SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ						
Aætlun 17/11 1989						
Ísln. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	poti	samtals
Populus trichocarpa	Hall	75-100	300			300
Populus trichocarpa	Hall	101-125	52	2		54
Populus trichocarpa	Hall	126-150	151	8		159
Populus trichocarpa	Hall	151-175	213	26		339
Populus trichocarpa	Hall	176-200	227	45		272
Populus trichocarpa	Hall	201-225	137	78		215
Populus trichocarpa	Hall	226-250	22	111		133
Populus trichocarpa	Hall	251-275		101		101
Populus trichocarpa	Hall	276-300		81		81
Populus trichocarpa	Hall	skj. belt		133		133
Betula pendula		76-100		31		31
Betula pendula		101-125		39		39
Betula pendula		limgerð		32		32
Betula pubescens	hrafnsg.	151-175		3		3
Betula pubescens	hrafnsg.	176-200		13		13
Betula pubescens	hrafnsg.	201-225		33		33
Betula pubescens	hrafnsg.	226-250		66		66
Betula pubescens	hrafnsg.	251-275		42		42
Betula pubescens	hrafnsg.	276-300		23		23
Betula pubescens	hrafnsg	2 fl		90		90
Betula pubescens	Mörk-Hall	76-100		30		30
Betula pubescens	Mörk-Hall	101-125		18		18
Betula pubescens	Mörk-Hall	126-150		15		15
Betula pubescens	Mörk-Hall	151-175		58		58
Betula pubescens	Mörk-Hall	176-200		52		52
Betula pubescens	Mörk-Hall	201-225		32		32
Betula pubescens	Mörk-Hall	226-250		4		4
Sorbus aucuparia		50-75		34		34
Sorbus aucuparia		76-100		51	30	81
Sorbus aucuparia		101-125		25		25
Sorbus aucuparia		126-150		2		2
Sorbus aucuparia		151-175		7		7
Sorbus aucuparia		176-200		27		27

GARÐPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR VOR 1990.

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ						
Aætlun 17/11 1989						
latn. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	potl	samtals
Sorbus aucuparia		201-225		84		84
Sorbus aucuparia		226-250		90		90
Sorbus aucuparia		251-275		40		40
Sorbus aucuparia		276-300		3		3
Sorbus aucuparia		300-		24		24
Sorbus aucuparia		skj. b		123		123
Sorbus x hybrida				23		23
Salix caprea		75-100			150	150
Salix caprea		100-150			15	15
Salix alexensis	brúnn	2ja ára				7500
Salix alexensis	grænn	2ja ára				3500
Salix alexensis	grænn	3ja ára				1450
Salix alexensis	s3a	3ja ára				7400
Salix alexensis	Cooper river	2ja ára				300
Salix x sp.		2ja ára				1270
Salix x sp.		2ja ára				1040
Salix lanata		2ja ára				900
Salix nigricans var. borealis		2ja ára				2780
Salix nigricans var. borealis		3ja ára				2750
Picea engelmannii		30-40		20		20
Picea engelmannii		40-60		140		140
Picea engelmannii		60-80		75		75
Picea engelmannii		80-100		50		50
Picea engelmannii		100-120		30		30
Picea engelmannii		limgerði		240		240
Picea x lutzii		60-80		9		9
Picea x lutzii		100-120		21		21
Picea x lutzii		120-140		70		70
Picea x lutzii		140-160		110		110
Picea x lutzii		limgerði		100		100
Picea sitchensis	Lýsishóll	60-80		20		20
Picea sitchensis	Lýsishóll	80-100		10		10
Picea sitchensis	Lýsishóll	limgerð		50		50
Pinus uncinata					65	65

GARÐPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR VOR 1990.

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ						
Ætflun 17/11 1989						
latn. heiti	kvæmi	flokkur	brá	hnaus	pott	samtals
Pinus aristata		100-120		40		10
Pinus mugo						34
Pinus flexilis	c-042					30
Pinus flexilis						50
Spiraea betulifolia		1L				650
Spiraea Chamaedrifolia		1L				55
Spiraea douglasii		1L				21
Spiraea douglasii		2L				103
Spiraea media		1 L				58
Spiraea humilis		1L				40
Spiraea x margaritae		1L				65
Spiraea x bumalda var. froebelii		1 L				95
Spiraea x bumalda var. golden flame		1 L				52
Spiraea x vanhouttei		1L				60
Spiraea henryi		1L				50
Spiraea nipponica		1L				40
Cotoneaster divaricatus		1.5 L				25
Cotoneaster lucidus		1.5 L				260
Cotoneaster lucidus		2 L				100
Cotoneaster bullatus		1 L				20
Potentilla fruticosa	gul	1 L				65
Potentilla fruticosa	gul	2 L				40
Potentilla fruticosa	hvít	1 L				90
Potentilla fruticosa	gul skrið	1 L				50
Ribes rubrum		2 L				95
Ribes nigrum		2 L				60
Ribes uva-crispa		1 L				15
Syringa reflexa		2 L				30
Syringa vulgaris		1 L				28
Syringa josikaea		2 L				20
Syringa josikaea		2 L				20
Lonicera caerulea		1 L				110
Lonicera caerulea		2 L				305

GARÐPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR VOR 1990.

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ					
Aætlun 17/11 1989					
latn. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus pott	samtals
Lonicera xylosteum		1 L			20
Lonicera tatarica		1.5 L			25
Lonicera caprifolium		2 L			20
		2 L			22
Sambucus callicarpa		2 L			95
Ribes alpinum		1 L			10
Artemisia abrotanum		2 L			30
Physocarpus opulifolius		2 L			20
Rosa foetida			35		35
Hippophae rhamnoides		1 L			20
Prunus padus		1.5 L			5
Prunus padus		2 L			10
Prunus padus		3.5 L			30
Rosa glauca		1 L			35
Prunus padus var.		2 L			15
Sorbaria sorbifolia		1 L			10
Crataegus sanguinea		3.5 L			20
Caragana arborescens		2 L			25